

2005:6 • 13. desember 2005

## Landsframleiðslan á 3. ársfjórðungi 2005

Quarterly national accounts, 3rd quarter 2005

### Samantekt

Þjóðarútgjöldin eru talin hafa vaxið um 18,2% að raungildi á 3. ársfjórðungi frá sama tíma árið áður. Landsframleiðslan jókst hins vegar mun minna vegna samdráttar í útflutningi og mikils innflutnings eða um 4,0% að því nú er áætlað. Innflutningur jókst um 32,2% að raungildi en útflutningur dróst saman um 3,3%.

### Mikill vöxtur í einkaneyslu og fjárfestingu

Einkaneyslan er talin hafa vaxið um 12,5% á 3. ársfjórðungi og er það litlu minni aukning en á 2. fjórðungi en þá óx einkaneyslan um 14,7% og var það mesti vöxtur á einum fjórðungi frá því ársfjórðungsreikningar hófust á árinu 1997. Sem fyrr má rekja meginhluta þessa vaxtar til kaupa á innflutnum vörum og þjónustu. Fjárfesting óx um 42,3% á 3. ársfjórðungi frá sama tíma árið áður eftir að hafa vaxið um fjórðung eða þar um bil bæði á 1. og 2. fjórðungi. Samneyslan óx um 3,7% og er það nokkru meiri vöxtur en verið hefur á undanförnum ársfjórðungum.

### Vaxandi innflutningur, minni útflutningur

Þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, eru talin hafa vaxið um 18,2%. Innflutningur hélt áfram að aukast, nú um 32,2%, og er það mesti vöxtur í einum ársfjórðungi frá upphafi ársfjórðungsreikninga. Útflutningur dróst hins vegar saman í fjórðungnum um 3,3% og til samans olli minni útflutningur og meiri innflutningur því að landsframleiðslan jókst mun minna en þjóðarútgjöldin eða um 4,0%.

### Breytingar á eldri tölum


Við gerð þjóðhagsreikninga fyrir 3. ársfjórðung hafa tölur 1. og 2. ársfjórðungs breyst lítið eitt frá þeim tölum sem birtar voru um miðjan september. Tölur fyrri ára hafa ekki tekið breytingum nema samneyslan en ársfjórðungslegar breytingar hennar hafa verið endurreiknaðar aftur til ársins 1997. Árstölur breytast ekki.

### Árstíðaleiðrétti<sup>ngu</sup> ekki beitt

Þær breytingar sem hér er lýst, eru ekki árstíðaleiðréttar, heldur lýsa breytingum frá sama tíma fyrra árs. Breytingarnar eru því iðulega sveiflukenndari en ef árstíðaleiðrétti<sup>ngu</sup> væri beitt.



**Mynd 1. Landsframleiðsla, breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs**  
*Figure 1. GDP, volume changes on same quarter in the previous year*



### English summary

Total domestic expenditure increased by 18.2% in real terms in the third quarter of 2005 as compared with the same quarter of 2004. The growth rate of Gross Domestic Product (GDP) was much lower or 4.0% owing to a rise of imports by 32.2% and a decline in exports by 3.3%.

In the third quarter of 2005, household final consumption increased by 12.5% which is the second highest quarterly growth rate since the quarterly estimates started in 1997. This growth rate has largely been driven by large purchases of imported goods and services. Government final consumption increased by 3.7%, somewhat higher than in previous quarters.

Gross fixed capital formation continued to rise, now by 42.3% after around 25% growth rate in the two preceding quarters.

#### *Changes in time series*

Together with the work on quarterly estimates for the third quarter, figures for the two preceding quarters of this year have been revised slightly. Previous years are unchanged with the exception that quarterly estimates of government final consumption are revised backwards to 1997. Annual estimates are unchanged.

The figures are not seasonally adjusted.

**Tafla 1. Landsframleiðsla eftir ársfjórðungum 2003–2005**

Table 1. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2003–2005

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Verðlag hvers árs, milljónir króna</b>								
<i>Million ISK at current prices</i>								
<b>2003</b>	<b>460.363</b>	<b>211.529</b>	<b>165.971</b>	<b>-1.502</b>	<b>836.361</b>	<b>288.114</b>	<b>-313.277</b>	<b>811.198</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	109.099	51.039	31.689	2.235	194.062	70.797	-67.415	197.444
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	114.860	52.828	40.839	-369	208.159	67.744	-78.282	197.621
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	114.005	52.461	45.358	27	211.851	80.214	-87.252	204.813
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	122.399	55.201	48.086	-3.396	222.290	69.359	-80.328	211.321
<b>2004<sup>1</sup></b>	<b>506.099</b>	<b>226.259</b>	<b>207.157</b>	<b>-3.343</b>	<b>936.172</b>	<b>316.103</b>	<b>-367.266</b>	<b>885.009</b>
1.ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	119.045	54.522	40.608	3.412	217.588	72.915	-79.056	211.447
2.ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	126.416	56.905	54.315	-2.166	235.469	74.970	-94.166	216.273
3.ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	124.064	56.539	55.421	176	236.200	89.311	-96.433	229.078
4.ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter<sup>1</sup></i>	136.575	58.293	56.814	-4.766	246.915	78.907	-97.611	228.212
<b>2005<sup>2</sup></b>	<b>402.508</b>	<b>173.634</b>	<b>145.547</b>	<b>-547</b>	<b>719.683</b>	<b>259.660</b>	<b>-273.201</b>	<b>707.279</b>
1. ársfj. <sup>2</sup> <i>1st quarter<sup>2</sup></i>	95.817	42.069	28.048	796	168.036	63.324	-58.806	173.133
2. ársfj. <sup>2</sup> <i>2nd quarter<sup>2</sup></i>	100.588	43.377	36.231	-147	179.735	62.742	-70.285	172.300
3. ársfj. <sup>2</sup> <i>3rd quarter<sup>2</sup></i>	99.719	42.985	39.590	39	182.296	71.652	-75.458	178.819
4. ársfj. <sup>2</sup> <i>4th quarter<sup>2</sup></i>	106.385	45.014	41.679	-1.235	189.616	61.941	-68.651	183.027
<b>2004<sup>1</sup></b>	<b>430.221</b>	<b>178.436</b>	<b>176.112</b>	<b>-1.201</b>	<b>780.422</b>	<b>281.245</b>	<b>-311.977</b>	<b>750.854</b>
1.ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	102.621	43.373	35.565	1.271	184.396	66.349	-68.691	182.410
2.ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	107.293	44.939	46.049	-766	196.058	66.461	-79.838	183.172
3.ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	105.059	44.446	46.479	5	195.626	78.459	-80.967	193.748
4.ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter<sup>1</sup></i>	115.248	45.420	47.972	-1.710	204.057	69.869	-82.450	191.524
<b>2005<sup>2</sup></b>	<b>111.863</b>	<b>44.328</b>	<b>45.274</b>	<b>1.511</b>	<b>204.310</b>	<b>64.584</b>	<b>-81.396</b>	<b>188.419</b>
1. ársfj. <sup>2</sup> <i>1st quarter<sup>2</sup></i>	123.028	46.377	57.193	-1.989	221.153	74.426	-98.531	197.709
3. ársfj. <sup>2</sup> <i>3rd quarter<sup>2</sup></i>	118.182	46.091	66.140	784	231.230	75.886	-107.029	201.483

**Skýringar** Notes: Fram til 1. ársfjórðungs 2003 ná tölur um birgðabreytingar aðeins til áls og kísiljárns en þá lágu fyrir fyrstu tölur Hagstofunnar um birgðabreytingar í sjávarútvegi og voru þær teknar inn í ársfjórðungstölurnar frá þeim tíma. Birgðabreytinga í sjávarútvegi á árinu 2003 höfðu ekki áhrif á breytingu árstalna. Frá 1. ársfjórðung 2004 hefur Hagstofan tekið inn birgðabreytingar í olíu en fyrir þann tíma lágu þær ekki fyrir. Up to the first quarter of 2003 changes in inventory only covered changes in aluminium and ferro-silicon. Since then changes in inventory of fish products were also included in quarterly accounts. Changes in inventory of fish products 2003 had no influence on annual figures that year. Since first quarter of 2004 Statistics Iceland has compiled figures for changes in inventory of oil but prior to that no figures were available.

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

<sup>2</sup> Áætlaðar tölur. Estimated figures.

**Tafla 2. Breytingar landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2002–2005**

Table 2. Changes in quarterly GDP 2002–2005

	Einkaneysla Household final consumption	Samneysla Governm. final consumption	Fjármuna- myndun Gross fixed capital formation	Birgða- breytingar <sup>1</sup> Changes in inventory <sup>1</sup>	Þjóðar- útgjöld National Expenditure	Út- flutningur Exports	Inn- flutningur Imports	Verg lands- framleiðsla GDP
<b>Raunbreytingar frá sama</b>								
<b>tímabili árið áður, %</b>								
<i>Volume changes from the corresponding period year before, %</i>								
<b>2002</b>	<b>-1,8</b>	<b>5,1</b>	<b>-19,6</b>	<b>0,3</b>	<b>-3,8</b>	<b>3,9</b>	<b>-2,6</b>	<b>-1,3</b>
1. ársfj. 1st quarter	-5,5	4,0	-27,2	1,4	-7,3	3,5	-14,0	-0,6
2. ársfj. 2nd quarter	-2,1	3,9	-14,3	-0,6	-3,8	11,9	2,2	-0,3
3. ársfj. 3rd quarter	-0,2	5,6	-24,6	0,2	-4,2	2,4	-3,4	-1,6
4. ársfj. 4th quarter	0,6	6,4	-9,8	0,1	-0,0	-1,7	6,5	-2,4
<b>2003</b>	<b>5,8</b>	<b>1,5</b>	<b>20,5</b>	<b>-0,2</b>	<b>7,2</b>	<b>1,4</b>	<b>10,7</b>	<b>3,6</b>
1. ársfj. 1st quarter	5,6	1,7	-7,2	1,5	3,8	5,6	1,3	5,4
2. ársfj. 2nd quarter	5,9	2,0	22,4	0,2	8,2	-4,0	10,8	2,3
3. ársfj. 3rd quarter	5,7	1,4	31,1	-0,4	8,7	3,7	16,3	3,5
4. ársfj. 4th quarter	6,1	0,8	35,5	-2,0	7,9	0,4	13,8	3,2
<b>2004<sup>2</sup></b>	<b>6,9</b>	<b>2,8</b>	<b>21,0</b>	<b>-0,2</b>	<b>8,4</b>	<b>8,3</b>	<b>14,2</b>	<b>6,2</b>
1. ársfj. <sup>2</sup> 1st quarter <sup>2</sup>	7,1	3,1	26,8	0,6	9,7	4,8	16,8	5,4
2. ársfj. <sup>2</sup> 2nd quarter <sup>2</sup>	6,7	3,6	27,1	-0,9	9,1	5,9	13,6	6,3
3. ársfj. <sup>2</sup> 3rd quarter <sup>2</sup>	5,4	3,4	17,4	-0,0	7,3	9,5	7,3	8,3
4. ársfj. <sup>2</sup> 4th quarter <sup>2</sup>	8,3	0,9	15,1	-0,6	7,6	12,8	20,1	4,6
<b>2005<sup>3</sup></b>								
1. ársfj. <sup>3</sup> 1st quarter <sup>3</sup>	9,0	2,2	27,3	0,4	10,8	-2,7	18,5	3,3
2. ársfj. <sup>3</sup> 2nd quarter <sup>3</sup>	14,7	3,2	24,2	-1,6	12,8	12,0	23,4	7,9
3. ársfj. <sup>3</sup> 3rd quarter <sup>3</sup>	12,5	3,7	42,3	0,9	18,2	-3,3	32,2	4,0

**Skýringar Notes:** Fram til 1. ársfjórðungs 2003 ná tölur um birgðabreytingar aðeins til áls og kísiljárns en þá lágu fyrir fyrstu tölur Hagstofunnar um birgðabreytingar í sjávarútvegi og voru þær tekna inn í ársfjórðungstölurnar frá þeim tíma. Birgðabreytinga í sjávarútvegi á árinu 2003 höfðu ekki áhrif á breytingu árstalna. Frá 1. ársfjórðung 2004 hefur Hagstofan tekið inn birgðabreytingar í oliu en fyrir þann tíma lágu þær ekki fyrir. *Up to the first quarter of 2003 changes in inventory only covered changes in aluminium and ferro-silicon. Since then changes in inventory of fish products were also included in quarterly accounts. Changes in inventory of fish products 2003 had no influence on annual figures that year. Since first quarter of 2004 Statistics Iceland has compiled figures for changes in inventory of oil but prior to that no figures were available.*

<sup>1</sup> Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu sama fjórðungs fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

*The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP in the same quarter of the previous year, at constant prices.*

<sup>2</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

<sup>3</sup> Áætlaðar tölur. *Estimated figures.*

## Hagtíðindi Þjóðhagsreikningar Statistical Series National Accounts

90. árgangur nr. 60

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4657 (pappír paper) • ISSN 1670-4665 (pdf)

Verð ISK 500 Price EUR 6

Umsjón Supervision Guðjón Guðmundsson • gudjon.gudmundsson@hagstofa.is

Sími Telephone +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands Statistics Iceland • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími Fax +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. Please quote the source.

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series